

**4.október 2018.**

**Fundur með bekkjarráðum – Stjórn foreldrafélags Glerárskóla hittist á undan.**

Vilborg gjaldkeri er hætt, þökkum henni fyrir vel unnin störf. Hugarún tekur við starfi gjaldkera.

Fulltrúar okkar í SAMTAKA eru Brynja og Daníel.

Rætt um að mæta á fund hverfisnefndar þegar hann verður auglýstur til að leggja okkar af mörkum er varðar gangbrautina á Glerárgötu þar sem tíð slys hafa orðið. Erum sammála um að þarna þurfi brú eða undirgöng. Einnig bara almennt umferðaröryggi í kringum skólann. Mætti t.d. setja nokkrar hraðahindranir upp Höfðahlíðina, framhá skólanum og alla leið upp.

Alma ætlar að reyna að klára teygjumálið vegna íþróttakennslu.

Verið er að vinna í að gera athugasemdir við frestun framkvæmda á íþróttahúsi Glerárskóla.

Rætt um að stefna að jólaföndri 24.nóv.

**Fundur með bekkjarráðum settur.**

Mættir fulltrúar úr öllum bekkjum nema 9. bekk.

Stjórnin kynnir sig og segir frá þeim verkefnum sem við unnum í fyrra. M.a. styrkur til bókasafns, pönnuvellirnir, skólahreytistæki, leik-fræðslusýningin Þörupiltar fyrir 9. og 10. bekk, leikstjórastyrkur, jólaföndur og vorhátíð.

Kynnt hlutverk bekkjarráða. Minnst á jólaföndur og vorhátíð.

Bekkjarráðum afhentur hugmyndabanki að viðburðum fyrir veturinn. Sagt frá og rætt um ýmsar hugmyndir hvað hægt er að gera. Foreldrar hvattir til að nýta sambönd, stundum hægt að fá eitthvað gefins.

Sagt frá því að þau þurfi að skila viðburðaskrá, 1-2 viðburðir á hvorri önn.

500kr á barn, sem er óbreytt frá fyrri árum. Sagt frá því fyrirkomulagi, hvernig fær maður greitt. Nota þarf peninginn, hann safnast ekki upp milli ára.

Ráð og nefndir kynntar og fulltrúar í Skólaráði og Umhverfisnefnd og þeirra verkefni útskýrð.

Sagt frá SAMTAKA og foreldrar hvattir til að mæta á viðburði/fræðslu/fyrirlestra sem verða í boði.

Brynja sagði lauslega frá því að fyrstu viku desember verði afmælisvika Glerárskóla – meira um það síðar.

Minnst á foreldraröltið.

Líflegt spjall foreldra um mikilvægi þess að þekkja foreldra í árgangi barna sinna, efla tengsl og þátttöku foreldra í starfi barna.

Fundi slitið.